



Lög Nemendasambands Tækniskólans

Fyrsta útgáfa

Lög Nemendasambands Tækniskólans



Eftirfarandi eru lög NST.

1. Nafn og aðsetur

1.1 Nafn sambandsins skal vera “Nemendasamband Tækniskólans”, skammstafað NST.

NST eru regnhlífasmötök fyrir nemendafélög Tækniskólans. Tilgangur sambandsins er að veita fjármagn og aðstoð til nemendafélagana til þess að halda uppi virku félagslífi.

1.2 Aðsetur NST er á Skólavörðuholti. Varnarþing þess er í Reykjavík.

1.3 Markmið nemendasambandsins eru:

- a) Að vernda hagsmuni nemenda í Tækniskólanum.
- b) Að starfrækja öflugt félagslíf fyrir félagsmenn NST.
- c) Að þjónusta Tækniskólann með sjálfbært félagslíf, styðja við uppbygginu þess og veita þeim jafnframt aðhald.

1.4 Félagsmenn eru allir þeir sem skráðir eru í dagskóla Tækniskólans.

2. Stjórn og miðstjórn NST

2.1 Miðstjórn NST skal vera lýðræðislega kosinn þar sem allir félagsmenn NST hafa kosningarrétt og eru kjörgengir. Kosning fer fram á vorönn hvers skólaárs.

2.1.1 Kosið skal í apríl ár hvert og þurfa frambjóðendur að skila inn framboðum sínum til félagsmálafulltrúa Tækniskólans eigi síður en 31. mars.

2.2 Miðstjórn NST er skipuð af formanni, varaformanni, ritara, nýnemafulltrúa og fulltrúa nemenda í Hafnafirði. Einnig skulu öll nemendafélög skóla Tækniskólans skipa einn fulltrúa í almenna stjórn.

- 2.2.1 Nýkjörinn miðstjórn skiptir með sér verkum þ.e.a.s. formann, varaformann, og ritara.
- 2.2.2 Formaður er talsmaður stjórnar út á við og sker formaður úr um niðurstöður kosninga þar sem ekki næst meirihlutasamþykki stjórnar.
- 2.2.3 Varaformaður er staðgengill formanns og ritara séu þeir ekki á staðnum.
- 2.2.4 Ritari sér um að rita fundargerðir fyrir alla fundi NST.
- 2.2.5 Nýnemafulltrúi skal vera skipaður af nýnemum.
- 2.2.6 Fulltrúi nemenda í Hafnafirði skal vera skipaður af nemendum í Hafnafirði.
- 2.3 Hverjum undirskóla Tækniskólans er heimilt að starfrækja eigið nemendafélag og skal þá stjórnin annað hvort vera lýðræðislega kosinn eða þáttaka í stjórn opin öllum sem hafa áhuga
- 2.4 Stjórn NST skipa miðstjórn NST ásamt fulltrúum allra nemendafélag innan Tækniskólans.
- 2.5 Miðstjórn NST sér um daglegan rekstur sambandsins.
- 2.6 Enginn fulltrúi í stjórn NST skal hafa fleiri en eitt atkvæði. Auk þess skal enginn fulltrúi í miðstjórn NST sitja sem fulltrúi nemendafélags.
- 2.7 Stjórn NST hefur yfirumsjón með öllum framkvæmdum og störfum félagsins.
- 2.8 Félagsmálafulltrúa Tækniskólans er boðið að sitja fundi stjórnar og miðstjórnar og hefur hann tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.
- 2.8.1 Félagsmálafulltrúi fer með prókúru á reikningum NST.

3. Nefndir NST

- 3.1 Nefndir eru vinnuhópar sem skipaðir eru af miðstjórn.
- 3.2 Hver nefnd skal hafa formann sem er tengiliður nefndar við stjórn.
- 3.3 Nefndir NST hafa ekki heimild til að skrifa undir samninga í nafni NST án umboðs stjórnar.

3.4 Formenn nefnda geta óskað eftir að sitja fundi stjórnar NST til að greina frá verkefnum nefndarinnar. Auk þess getur stjórn NST óskað eftir fulltrúum nefnda á stjórnarfundi ef þess er þörf.

4. Aðalfundur NST

4.1 Aðalfundur skal haldinn á vorönn ár hvert. Stjórn NST skal boða aðalfund a.m.k. 2 vikum áður en hann er haldinn. Í fundarboðinu skal koma fram tímasetning aðalfundar, fundarstaður og dagskrá. Auglýsingar með fundarboði skulu settar upp innan veggja skólans og auk þess á heimasíðu NST. Það sem koma skal fram á aðalfundi er eftirfarandi:

1. Afhending fundargagna.
2. Setning aðalfundar.
3. Formaður NST skal stýra fundinum og ritari NST skal rita fundargerð
4. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
5. Viðburðir NST kynntir.
6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar.
7. Lagabreytingar.
8. Önnur mál.
9. Slit aðalfundar.

4.2 Tillögur til lagabreytinga skulu berast stjórn minnst þremur heilum dögum fyrir aðalfund og skulu þær aðgengilegar félagsmönnum á vef NST síðustu tvo dagana fyrir aðalfund. Lagabreytingartillaga telst samþykkt fáí hún meirihluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Ef engar lagabreytingartillögur koma fram, skulu lög gilda óbreytt fram að næsta aðalfundi eða aukaaðalfundi.

4.3 Atkvæðis- og tillögurétt á aðalfundi hafa allir félagsmenn NST.

- 4.4 Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða nægir til þess að tillaga á aðalfundi nái fram að ganga. Ef atkvæði falla jafnt skal kjósa um hana aftur að umræðu lokinni, ef hún stendur jafnt að öðru sinni er tillagan álitin felld.
- 4.5 Aukaaðalfund skal halda ef meirihluti miðstjórnar NST eða þriðjungur félagsmanna NST fer skriflega fram á það. Sömu reglur gilda um fundarboð aukaaðalfundar og koma fram í grein 4.1. í lögum þessum.
- 4.6 Sömu lög gilda um aukaaðalfund og aðalfund.

5. Vantraust og brottfall úr stjórn

- 5.1 Lýsi þriðjungur félagsmanna NST eða meirihluti stjórnar NST skriflega yfir vantrausti á embættismann skal stjórn NST taka málið fyrir á stjórnarfundum innan viku. Þar skulu forgöngumenn vantrauststillögunnar rökstyðja mál sitt og viðkomandi embættismanni gefinn kostur á að verja sig. Meirihluti stjórnar ákveður hvort brottrekstur eigi við með leynilegri kosningu.
- 5.2 Ef vantrausti á formann NST er lýst skv. gr. 5.1. skal ritari sjá til fundarboðunar skv. gr. 5.1.
- 5.3 Ef niðurstaða kosninga verður brottrekstur embættismanns skal stjórn NST skipa annan í embættið til næstu kosninga, þá ber að fara eftir niðurstöðum síðustu kosninga. Ef embættismaðurinn sem vikið var úr starfi var einn í framboði, skal staðan auglýst laus í viku og stjórn NST velur síðan hæfasta umsækjandann.
- 5.4 Ef embættismaður segir af sér, gilda sömu reglur um skipun í stöðu hans og fram kemur í grein 5.3.

6. Reglugerðir

6.1 Miðstjórn hefur heimild til að leiðrétta stafsetningar-, málfars-, tilvísunar- og innsláttarvillur í lögum þessum án þess að bera þær breytingar upp fyrir þing enda breytist ekki merking viðkomandi greina.

6.1.1 Séu slíkar breytingar gerðar eru þær auglýstar til félagsmanna og þeim gefinn tveggja vikna frestur til að gera athugasemdir.

6.1.2 Séu athugasemdir gerðar við slíkar lagfæringar skal þeim frestað til næsta aðalfundar.